



## Verklagsreglur vegna vals á íþróttafólki Grindavíkur

- 1.gr. Val á íþróttafólki Grindavíkur og afhending hvatningarverðlauna Grindavíkur er samstarfsverkefni frístunda- og menningarnefndar Grindavíkurbæjar og aðalstjórnar UMFG.
- 2.gr. Allar deildir UMFG sem og íþróttafélög í Grindavík sem aðilar eru að Íþróttabandalagi Suðurnesja hafa rétt á að tilnefna einn karl og eina konu sem til greina koma sem íþróttamaður og íþróttakona Grindavíkur. Einnig getur frístunda- og menningarnefnt tilnefnt einstaklinga með lögheimili í Grindavík sem skarað hafa fram úr í íþróttum sem ekki er hægt að studna sem keppnisgreinar í Grindavík og því utan deilda UMFG eða íþróttafélaga í Grindavík.
- 3.gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni og íþróttakonu Grindavíkur skulu hafa náð 16 ára aldri. Þó er heimilt að tilnefna ungling 14 – 16 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttagrein.
- 4.gr. Tilnefningunum skal fylgja greinagerð ásamt mynd af viðkomandi íþróttamanni / íþróttakonu. Í greinagerðinni skal koma fram eftirfarandi:
  - Afrek / keppni erlendis á árinu (félag / landslið ) í unglunga- eða fullorðinsflokki:
  - Afrek / keppni á Íslandi í unglunga- eða fullorðinsflokki:
  - Afrek / keppni í Grindavík í unglunga- eða fullorðinsflokki:
  - Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðinsflokki )
  - Umsögn um íþróttamanninn – afrek, karakter, stefna, o.s.frv.
5. gr. Tilnefningum skal skila til sviðsstjóra frístunda- og menningarsviðs Grindavíkurbæjar fyrir kl. 16 þann 30. nóvember ár hvert. Frístunda- og menningarnefnd Grindavíkurbæjar er heimilt að taka ákvörðun um annað fyrir 10. nóvember liggja rík ástæða að baki.

Sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs skal taka tilnefningarnar saman og senda á kjörnefnd fyrir lok vinnudags annars virks dags desembermánaðar.

Nefndarmaður í kjörnefnd skal víkja sæti og kalla til varamann ef hann er eða hefur verið maki einstaklings sem er tilnefndur í kjörinu, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

Ef einstaklingur á sæti bæði í stjórn aðalstjórnar UMFG og íþrótt- og æskulýðsnefnda er heimilt að varamaður einstaklingsins í frístunda- og menningarnefnd greiði atkvæði.

Boða skal kjörnefnd til fundar með að lágmarki sjö sólarhringa fyrirvara fyrir 10. desember ár hvert. Á fundinn skal jafnframt boða fulltrúa þeirra deilda/félaga sem eiga fulltrúa í kjöri með það að markmiði að kynna nánar afrek þeirra sem tilnefnd eru.



8. gr. Við val á íþróttamanni og íþróttakonu Grindavíkur skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á við um. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.
9. gr. Á fundi kjörnefndar skal sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs dreifa kjörseðlum með nöfnum þeirra sem tilnefnd eru. Á kjörseðil skal rita tölurnar :
- 1, fyrir þann íþróttamann/íþróttakonu sem viðkomandi nefndarmaður velur í 1. sæti
  - 2, fyrir þann íþróttamann/ íþróttakonu sem viðkomandi nefndarmaður velur í 2. sæti
  - 3, fyrir þann íþróttamann/ íþróttakonu sem viðkomandi nefndarmaður velur í 3. sæti
- Við talningu atkvæða skal 1. sæti gefa 10 stig, annað sæti 7 stig og þriðja sæti 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir ræður eftirfarandi röð manna:

1. Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
2. Fleiri tilnefningar í annað sæti
3. Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

10. gr. Útnefning á kjöri íþróttamanns og íþróttakonu Grindavíkur fer fram á Gamlársdag.
11. gr. Veita skal sérstaka bikara til íþróttamanns og íþróttakonu Grindavíkur. Bikararnir eru farandbikarar og vinnast því aldrei til eignar. Bikararnir eru í vörslu verðlaunahafa fram að næsta kjöri. Grindavíkurbær afhendir einnig bikarhöfunum viðurkenningu til minningar um val þeirra.
12. gr. Við sama tækifæri skal veita viðurkenningar til þess íþróttafólks sem hefur skarað fram úr í sínum íþróttagreinum á árinu, s.s. orðið Íslands- og bikarmeistarar. Íþróttafólkið skal koma úr röðum UMFG eða íþróttafélaga í Grindavík sem eru aðilar að Íþróttabandalagi Suðurnesja. Einnig er frístunda- og menningarnefnd Grindavíkurbæjar heimilt að veita viðurkenningar því íþróttafólki sem er með lögheimili í Grindavík en eru í íþróttafélögum utan sveitarfélagsins og starfa innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.
13. gr. Öllum deildum innan UMFG og íþróttafélögum í Grindavík sem eru innan ÍS er heimilt að tilnefna einn ungling af hvoru kyni sem hlýtur svokölluð hvatningarverðlaun Grindavíkur. Verðlaunin skulu veitt því íþróttafólki sem er áhugasamt, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annarra unglinga. Lágmarksaldur er 13 ára á árinu sem kjörið nær til, hámarksaldur er 16 ára á árinu.

*Samþykkt á fundi frístunda- og menningarnefndar Grindavíkurbæjar 8. maí 2019*

*Samþykkt á fundi bæjarráðs Grindavíkur 14. maí 2019*